



Stjórnarfundur Félags prófessora við ríkisháskóla

11. fundur stjórnar 2025-2026 miðvikudaginn 18. mars 2026

kl. 12.00 - 14.00 á Sögu, herbergi 624

Mætt: Sigrún Ólafsdóttir formaður, Kári Kristinsson og Zophonías Oddur Jónsson.

Á Teams: Eyja Margrét Jóhönnu Brynjarsdóttir.

Forföll: Rannveig Björk Þorkelsdóttir, Þröstur Olaf Sigurjónsson og Hermína Gunnþórsdóttir.

Lilja Þorgeirsdóttir, framkvæmdastjóri ritaði fundargerð.

Gestur fundarins: Sigurbjörg Erla Egilsdóttir.

Eftirfarandi dagskrá lá fyrir fundinum:

1. Fundargerð 10. stjórnarfundar frá 18. febrúar 2026 lögð fram til afgreiðslu. (Fskj. 1)
2. Ráðning nýs framkvæmdastjóra.
3. Skoðanakönnun FPR, FH og FHA og sameining félaganna. (Fskj. 2a-c)
4. Erindi til Umboðsmanns Alþingis út af Fjársýslunni.
5. Aðalfundur FPR.
6. Óformlegir fundir með félagsfólki.
7. Niðurstaða nefndar um álag á akademískt starfsfólk.
8. Erindi til stjórnar um launasetningu prófessora 24. febrúar 2026. (Fskj. 3)
9. Erindi til stjórnar um kostnað vegna heyrnartækja 10. mars 2026. (Fskj. 4a-c)
10. Næsti fundur.
11. Önnur mál.

Sigrún Ólafsdóttir, formaður Félags prófessora við ríkisháskóla (FPR), setti fundinn kl. 12.10.

1. Fundargerð 10. stjórnarfundar frá 18. febrúar lögð fram til afgreiðslu. (Fskj. 1)

Fundargerðin var samþykkt með breytingum.

2. Ráðning nýs framkvæmdastjóra.

(Dagskrárliðurinn var tekinn fyrir á eftir lið 5 um aðafund FPR.)

Sigrún upplýsti að unnið væri að frágangi ráðningarsamnings við Sigurbjörgu Erlu Egilsdóttur, sem muni taka við starfi framkvæmdastjóra félagsins af Lilju Þorgeirsdóttur, sem lætur af störfum 1. ágúst. Gert er ráð fyrir að Sigurbjörg verði ráðin í 100% starf, en að hún hefji störf í hlutastarfi frá 1. apríl. Stjórn fól Sigrúnu að ganga frá ráðningarsamningi við hana, sem lagður verður fyrir stjórn til samþykktar.

3. Skoðanakönnun FPR, FH og FHA og sameining félaganna. (Fskj. 2a-c)

Farið var niðurstöður könnunar um viðhorf til fyrirkomulags stéttarfélagsmála til framtíðar fyrir háskólafolk, sem framkvæmd var meðal félagsfólks í FPR, FH og FHA. Könnunin fór fram dagana 25. febrúar til 9. mars sl. Sigrún fór yfir helstu niðurstöður. Svarhlutfall meðal akademísks starfsfólks var á bilinu 56-57%. Meirihluti þeirra (64%) vill tilheyra stéttarfélagi sem er eingöngu fyrir þann hóp. Þegar svör prófessora eru skoðuð sérstaklega er vilji þeirra skýr, annað hvort að fyrirkomulagið haldist óbreytt eða að akademískt starfsfólk verði sameinað í einu félagi.

Stjórn telur niðurstöðurnar skýrar um að akademískt starfsfólk vilji sameinast í eitt félag.

Mun stjórn félagsins beita sér fyrir því.

4. Erindi til Umboðsmanns Alþingis út af Fjársýslunni.

Sigrún greindi frá því að málið væri í vinnslu hjá lögmanni, hvað varðar erindi til Umboðsmanns Alþingis. Unnið er að því að fara yfir mál einstaklinga sem dæmi, sem kunna að fylgja erindinu.

5. Aðalfundur FPR.

Aðalfundur félagsins verður 13. maí kl. 14.00-17.00 í Odda 101. Farið var yfir undirbúning fundarins, þar á meðal skýrslu stjórnar, fundarstjórn, tillögur, ályktanir og önnur tilfallandi verkefni.

Samþykkt var að leggja til við aðalfund að félagsgjald verði áfram óbreytt, 0,9% af launum félagsfólks. Jafnframt verði framlag í Kjaradeilusjóð áfram óbreytt, 0,1% af launum félagsfólks, í samræmi við þá hækkun á félagsgjöldum sem samþykkt var á aðalfundi 2024.

Sigurbjörg Erla fór kl. 13.00.

6. Óformlegir fundir með félagsfólki.

Næsti óformlegi spjallfundur stjórnar við félagsfólk HÍ verður haldinn í Grósku fimmtudaginn 26. mars kl. 13.00–14.00.

7. Niðurstaða nefndar um álag á akademískt starfsfólk.

Sigrún sagði frá niðurstöðum starfshóps rektors HÍ um álag á akademískt starfsfólk. Starfshópurinn var skipaður í september 2025 og í honum sitja Sigrún og Kári fyrir hönd FPR, ásamt Jens Guðmundi Hjörleifssyni og Rögnu Kemp Haraldsdóttur fyrir hönd FH.

Sigrún kynnti drög að bréfi með viðbrögðum fulltrúa félaganna í starfshópnum við niðurstöðum skýrslunnar, sem fyrirhugað er að senda til rektors og háskólaráðs HÍ. Tillagan var samþykkt.

8. Erindi til stjórnar um launasetningu prófessora 24. febrúar 2026. (Fskj. 3)

Bréf barst stjórn, undirritað af sjö prófessorum, þar sem fjallar um launasetningu prófessora og greiðslur úr ritlauna- og rannsóknasjóði prófessora. Með bréfinu fylgdu þrjár spurningar sem óskað var svara við.

Stjórn ræddi erindið og var Lilju falið að gera drög að svarbréfi í samræmi við umræðu á fundinum.

9. Erindi til stjórnar um kostnað vegna heyrnartækja 10. mars 2026. (Fskj. 4a-c)

Erindi barst frá félagsmanni um kostnað vegna kaupa á heyrnartækjum og möguleika á styrkjum vegna þeirra. Hann lagði til að félagið tæki málið upp við yfirstjórn HÍ með það að markmiði að fá þátttöku í kostnaði við kaup á heyrnartækjum.

Stjórn lýsir fullum skilningi á nauðsyn heyrnartækja og þeim kostnaði sem þeim fylgir. Samþykkt var að taka málið upp á fundi samráðsnefndar HÍ um kjaramál.

10. Næsti fundur.

Næsti stjórnarfundur verður miðvikudaginn 1. apríl kl. 12-14 á Teams.

11. Önnur mál.

Það voru engin önnur mál.

Fleira var ekki gert og fundi slitið kl. 13.56.

Fundarritari: LP.